


# MONITOR



FRITT  
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÐ

**Glæný uppistandssýning í Þjóðleikhúskjallaranum**  
Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Björn Bragi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð

„Þetta grín náði svo í gegn  
há mér að ég grét í orðsins  
fyllstu merkingu úr hlátri“  
- Fréttatíminn, MT

# áfram MIÐ-ISLAND

„Ábyrgist þriggja daga  
harðsperrur í maga á eftir.“  
- Fanney Birna Jónsdóttir  
Viðskiptarítstjóri Fréttablaðsins.

"Besta grínið í bænum!  
Frábær skemmtun!"  
- Árni Páll Árnason  
fyrrverandi ráðherra

Miðaverð aðeins  
**2900 kr.**  
Tilboð til fyrirtækja  
og hópa

**UPPSELT Á  
25 SÝNINGAR**  
Nýjar sýningar komnar í sölu.

Doritos **midi.is** pepsi **MAXO**



Miðasala á [midi.is](http://midi.is) og miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551-1200

Elsta ástarlag sem vitað er um var samið fyrir meira en **4000 árum** við svæðið í kringum ána Tigris.



## MÆLIR MEÐ...

### FYRIR ÁSTFANGNA

Valentínusardagurinn er haldinn hátíðlegur í Bandaríkjunum á morgun og er því kjörið tækifæri fyrir alla ástfangna að halda upp á ástina á einhvern hátt. Þrátt fyrir að þessi hefð sé einstaklega væmin mælir Monitor með því að gera eitthvað fallett fyrir ástina sína á morgun hvort sem það er kærasti eða kærasta, gæludýr eða bara einfaldlega elsku besta mamma.



### FYRIR DANSÞYRSTA

Tónlistarhátíðin Sónar Reykjavík hefst í kvöld með pompi og pragt en hún á sér stað í Hörpu og stendur frammá laugardag. Mikill fjöldi innlendra og erlendra listamanna koma fram á hátíðinni og má þar nefna Major Lazer, Gus Gus, Moses Hightower og Trentemöller. Órfaír miðar eru til á hátíðina og er hægt að nálgast þá á miði.is



### FYRIR TÓNELSKA

Á laugardagskvöldið fara fram úrslitin í Söngvakeppni Sjóvarpsins og verða þau sýnd í beinni á RÚV. Í ár keppa sex lög um farniða til Danmerkur þar sem Eurovison á sér stað þetta árið og verður spennandi að sjá hvaða lag þjóðin velur að þessu sinni. Á það líf?



# Flytur inn David Guetta

Norðmaðurinn **Trond Opsahl** stendur á bakvið komu plötusnúðsins  **Davids Guetta** til Íslands í júní en hann segir mikið sjónarspil í vændum.

Hinn 16. júní mun einn þekktasti plötusnúður heims, David Guetta, stíga á stokk í Laugardalshöllinni í tilefni af 25 ára afmæli FM957. Trond Opsahl er annar höfuðpaurinn á bakvið norska viðburðafyrirtækið Sky Agency sem á veg og vanda af komu Guetta til landsins. Sky Agency sérhæfir sig í tónleikahaldi plötusnúða og sá um tónleika plötusnúðsins Tiestos hér á landi árið 2012.

„Þetta er auðvitað ekki slæmt fyrir viðskiptin en helsta ástæðan fyrir því að við tökum að okkur verkefni hér er sú að við viljum gjarnan hafa ástæðu til að koma aftur til Íslands,“ segir Trond sem kveðst heillaður af landi og þjóð og þá sérstaklega tónlistarsenunni. „Miðað við fólksfjöldann er underground-senan hér mikið stærri en í Noregi og það finnst mér mjög svalt.“

### Byrjuðu smátt


Miðasala á tónleika Guetta er þegar hafin en Trond segir gríðarlega vinnu fara í tónleikana sem heild. „Það er mikilvægt að áhorfendur fái að upplifa hans sýn á tónleikana en það er búið að hanna þá út í ystu æsar.“

Þetta er mikið meira en bara einfalt Dj-sett, þetta er heljarinnar sjónarspil,“ segir Trond alvarlegur en hann kveðst þó ekki stressaður. „Ef maður skipuleggur sig vel veit maður hvers er að vænta og er vel undirbúinn,“ segir hann. „Þegar við byrjuðum að sjá um okkar fyrstu tónleika vorum við alltaf rosalega stressaðir því við vissum ekkert við hverju var að búast. Þess vegna þarf maður að gera þetta í þrepum, byrja á minni sýningum og bæta svo við sig.“

Trond og viðskiptafélagi hans Cristoffer Huse tóku sín fyrstu skref í bransanum þegar þeir voru beðnir um að skipuleggja klúbbakvöld fyrir um 300 ungmenni árið 2009. „Út frá því fór boltinn að rúlla og verkefnið urðu smám saman stærri og stærri,“ segir Trond en í dag standa þeir félagar fyrir allt upp í 15 tónleikum á ári. Trond segir minna upp úr tónleikabransanum að hafa en margur myndi halda. „Maður verður seint ríkur á þessu en maður getur haft lífsviðurværi af tónleikahaldinu. Auðvitað eru margir kostir við starfið og þá sérstaklega hvað maður fær að ferðast mikið og hitta mikið af nýju og spennandi fólki. Það er þess vegna sem ég geri þetta,“ segir Trond.

## ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

# Trampstamp óttinn

Þegar ég var fimmtán ára sagði ég við mómmu: „Krakkarnir eru að pæla í að byrja að drekka eftir samræmdu og ég er að pæla í að gera það líka“. Aldrei áður hafði ég fundið þann þögla, nístandi kulda sem greip mig með augnaráði móður minnar. Raunar hefur mamma, sú annars ljúfa og skemmtilega kona, aðeins dregið fram auga Saurons einu sinni eftir það, þegar ég sagði henni að mig langaði í tattú...  


Helstu rök hennar fyrir andstöðu sinni við húðflúr eru þau að tattú verði svo ljótt þegar maður er orðinn gamall og krumpaður. Persónulega held ég að hrukurnar og lifrablettirnir verði ekkert minna aðlaðandi þó svo að það sé smáblek á þeim. Ég mun líka ekki einu sinni geta sagt við hjúkrunarfólkið á elliheimilinu: „Gamla var sko villt í den,“ því í næsta herbergi verður einhver Miley Cyrus-týpa með kómískt mústass á hverjum fingri og „inspirational quotes“ upp að augabrúnum. Þar að auki verður hjúkrunar-

fólkið sjálft með tunnel í gegnum geirvörturnar þar sem tattú verða orðin voða normal og óspennandi á þeim tímamarki.

Móðir mín hefur líka bent á hversu tímanum en ég vil meina að træbal trampstamp sé að eiga ákveðið „comeback“ þó í kaldhæðni sé. Það er reyndar það eina sem hefur haldið aftur mér til þessa, óttinn við að tattúíð sem ég veit að ég mun elska endi óvart á stað sem ég mun hata. Ég vil ekki að fallega húðflúrið mitt endi sem trampstamp síns tíma.

Það styttist samt í þetta, mig hefur ekki dreymt um þetta í fimm ár til þess eins að láta trampstamp-óttu stöðva mig.

Sorry, mamma, Anna Marsý




**BLAÐIÐ Í TÖLUM**

- 18** ár var Camilla Rut í Krossinum.
- 6** lög verða á fyrstu smáskífu Highlands.
- 10** bestu frasana úr „Með allt á hreinu“ má sjá á bls. 6.
- 4** lúkk sjást í Stílnum á bls. 8

**MONITOR@MONITOR.IS**  
**Ritstjóri:** Anna Marsýbil Clausen (annamarsy@monitor.is),  
**Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)  
**Bláðamenn:** Rósa María Árnadóttir, Auður Albertsdóttir, Lísa Hafliðadóttir (í fæðingarorlofi)  
**Forsíða:** Þórður Arnar Þórðarson (thordur@mbl.is) **Umbrot:** Monitorstaðir  
**Auglýsingar:** Auglýsingagæild Árvakurs (augl@mbl.is)  
**Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson  
**Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136




## VIKAN Á FACEBOOK



**Thorunn Antonia Magnúsdóttir**  
 Það er brjálað stuð á hæðinni fyrir neðan mig og partýlætin halda fyrir mér vöku, sem er svo sem enginn glæpur EN þau voru að blasta techno remixa af versta lagi heims Brown girl in the ring með Boney M!!!! ...hvað er síminn hjá tónlistarlöggunni?  
 7. febrúar kl. 2:27



**Eysteinn Sigurðarson**  
 Í sturtuklefanum í laugardalslaug sá ég mann um fimmtugt nota hárblásara til að þurrka á sér tærnar og hann var mjög alvarlegur og einbeittur á svipinn  
 11. febrúar kl. 22:46



**Haraldur F. Gíslason**  
 Sigríður Eyrún Friðriksdóttir lánaði mér hleðslutæki. Það eru allir vinir í skóginum. Enga fordóma!  
 8. febrúar kl. 19:35



**Karl Sigurðsson**  
 Oh, ekkert í gangi á RÚV íþróttum. Ég sem ætlaði að fara að horfa á þátt um íþróttir.  
 6. febrúar kl. 19:33

**ARMUNDUR**

Fyrstu sex: 280989

Lag á heilanum: Kiss from a Rose með Seal

Ef ég væri pítsa væri ég: Þunnbotna

Fyrirmynd í æsku: Úlfur Hansson, æskuvínur

# Engin busun í Borgarleikhúsinu

**Arnmundur Ernst B. Björnsson** hefur vakið mikla athygli fyrir leik sinn í **Jeppa á fjalli** í Borgarleikhúsinu en nú leikur hann eitt af aðalhlutverkum í verki Tyrfings Tyrfingssonar, **Bláskjár**.

**Þú ert tiltölulega nýtskrifaður úr LHÍ, bjóst þú við því að detta strax inn í Borgarleikhúsið?**

Þvert á móti. Ég vissi í raun lítið hvað tæki við.

**Hvernig kanntu við þig? Er vel tekið á móti ungum leikurum í Borgarleikhúsinu?**

Ég kann virkilega vel við mig. Því miður var engin busun og það var hálf-skrítið hvað fólk var viðkunnanlegt, samt ekki. Þarna er allt krökkt af snillingum og góðu fólki.

**Ætlaðir þú alltaf að verða leikari?**

Það mætti segja að ég sé einskonar Yao Ming íslenskrar leiklistar. Báðir foreldrar mínir voru atvinnuleikarar þannig að ég fékk í raun lítið um það ráðið hvert stefnan væri tekin. Leiklistarveiran var rituð í genamengin.

**Þú hefur meðal annars verið kallaður „senubjófur“ fyrir frammistöðu þína í Jeppa á fjalli, en þar ferðu meðal annars með hálfgerða einræðu á hreint ótúlegum hraða. Hvernig undirbjóstu þig fyrir hana?**

Ég rændi mikið sjoppur og verslanir til að undirbúa senustuldinn, hvað varðar hraðmælskuna vil ég þakka Morfísárunum mínum í MH fyrir hana.

**Hlutverk þitt í Jeppa á fjalli er mjög kómískt en Bláskjár sem verk býr einhvers staðar mitt á milli gríns og alvöru. Hvort kanntu betur við þig í kómíkinni eða dramatikinni?**

Hvort fyrir sig býr yfir einstökum sjarma. Það er rosalega nærandi fyrir sálina að koma fólki til að hlæja en einnig gaman þegar maður getur haft tilfinningaleg áhrif á áhorfendur. Það er erfitt að gera upp á milli, líklegast er bara hvort tveggja betra.

**Bláskjár er glænýtt verk en Jeppi á fjalli er aftur á móti frá 18. öld. Hver er munurinn á því að takast á við svo gamalt verk og verk sem aldrei hefur verið sett upp áður?**

Þessu er erfitt að svara, en líklega býr ákveðið frelsi í því að takast á við glænýtt verk. Algengasta gagnrýnin á Jeppa var sú að fólk var illa við þær breytingar sem gerðar voru á verkinu frá fyrri tíð. Þar sem margir hafa áður séð verkið hafa þeir því ákveðnar hugmyndir um hvernig eigi að fara með það. Á móti kemur að þegar tekist er á við nýtt verk þarf að finna rétta nálgun að verkinu og þar sem engin fordæmi eru til staðar getur það reynst þrautinni þyngra.

**Átt þú eitthvað sameiginlegt með persónu þinni í Bláskjá?**

Sem leikari verður maður auðvitað að tengja við persónuna sem maður tekst á við. En blessunarlega á ég ekki margt sameiginlegt með borderline-psychofanum sem ég leik í Bláskjá þó mér þyki mjög vænt um hann.

**Í Bláskjá kemur meðleikari þinn, Hjörtur J. Jónsson, nakinn fram. Er ekkert skritið að vera allt í einu að æfa senur með nöktum manni og finnst þér stressandi að þurfa ef til vill einhvern daginn að koma sjálfur nakinn fram?**

Ja, góð spurning. Ég verð að viðurkenna að mér brá smá þegar Hjörtur var allt í einu kominn úr öllum fötunum í fyrsta skiptið, en aðalega vegna þess að hann er með tröll í brók. Ég hlakka mikið til að bera mig á sviði eða fyrir framan myndavél vegna þess að þannig verður maður góður leikari, eins og Hilmir Snær hefur sýnt fram á. En að öllu gríni slepptu þá er nekt í leiklist oft vandmeðfarin. Ef hún þjónar listrænu hlutverki innan verksins getur hún verið stórkostleg en það er leiðinlegt þegar hún er aðeins nýtt nektarinnar vegna.


**Áttu þér draumahlutverk?**

Heimavinnandi fjölskylduafaðir sem á rafmagnsbíl, borðtölvu og hund.

**Hvað er framundan hjá þér?**

Það eru einhver járn í eldinum. Við erum nokkur að elda saman sjónvarpsþætti en það ríkir mikil leynd yfir öllu saman. Ég vona að ég fái fleiri góð tækifæri til að þroskast sem leikari og manneskja á komandi árum. Svo bara brosa, er það ekki inn í dag?

**LOKSINS, ÍPRÓTTATOPPUR  
MEÐ STUÐNINGI VIÐ HVORT  
BRJÓST FYRIR SIG.**



**LITIR:**

Bleikur

Svartur með bleikri rönd

Svartur með grænni rönd

Fjólublár



**CW-X VERSATX STUÐNINGSTOPPURINN:**

Ólíkt flestum íþróttatoppum, þar sem brjóstin eru ekki aðskilin, tryggir VersatX stuðningstoppurinn hvoru brjósti um sig fjöðrun, sem auðveldar alla hreyfingu og eykur stuðning og þægindi.

**STUÐNINGUR**

Fimm punkta stuðningur innbyggður í hvora skál með stuðningsvefnum CW-X Targeted Support Web™.

**SVEIGJANLEIKI**

Franskur rennilás á hlýrum og krækjur á baki tryggja að toppurinn smellpassar.

**RAKADRÆGNI**

Innbyggt teygjanlegt net undir hvorri skál hleypir út raka.



[www.cw-x.com](http://www.cw-x.com)

Móðurfyrirtæki CW-X®, Wacoal Corporation, er einn stærsti nærfataframleiðandi í heimi og selur yfir 35 milljónir toppa árlega um allan heim.

Söluastaðir: Útilíf [www.utilif.is](http://www.utilif.is) • Intersport [www.intersport.is](http://www.intersport.is) • Afreksvörur [www.afrek.is](http://www.afrek.is) • Sportís [www.sportis.is](http://www.sportis.is)  
Crossfit Reykjavík [www.cfr.is](http://www.cfr.is) • Atlas göngugreining [www.gongugreining.is](http://www.gongugreining.is)



ÞAÐ FÉKKST ALDREI ÚR ÞVI SKORID HVER GUBBAÐI ASTRALTERTUNNI

# Ertu með allt á hreinu?

Í síðustu viku frumsýndi **NFVÍ** söngleikinn **Með allt á hreinu** í Austurbæ. **Monitor** rifjaði upp nokkur af bestu augnablikum þessarar rúmlega tvítugu kvikmyndaperlu.



## ÞEGAR ÞÚ VARST KRAKKI...

...vissir þú ekkert af hverju Stinni „strokkar“ hjóðnemann þegar hann er fúll út í Hörpu í Ástardúett.

... hugsaðir þú ekkert frekar út í það þegar Harpa segir að Gæurnar þurfi að fá sér „rótara sem neglir allar helvítis slordisinar úti á landi.“

... tengdir þú líklega ekki lagið „Grikkir“ (Gæru laxera) við það hvað Gæurnar komu reiðar út af klósettbásunum.

... hafðir þú ekki hugmynd um af hverju Stuðmenn hefðu þurft einhvern kubb til að taka myndir af „geimverunum“.

... þekktir þú ekki merki Sovétríkja-anna sem blasir við í „Slá í gegn“.

... tókst þú ekkert eftir því hvað það eru mörg lög sem hafa hreinlega ekkert með söguþráðinn að gera.



GÆURNAR HNYKLUÐU VÖÐVANA Í VÍKINGABÚNINGUNUM

## MINNIST ÆÐUSTU FÖTIN



GLÆSILEGIR HATTAR OG SKYRTUR Í STÍL Í LANGBESTU SJOPPUNNI



PEYSUFÖT ÚR ÁLPAPPÍR OG RUSLAPÖKUM Í ATLAVÍK



EINS GOTT AÐ HJARTAÐ DÆLI EKKI BLÓÐI Á ÞESSA DÁSEMD



MAGAKRABBINN Á AKUREYRI ER SÉRLEGA EFTIRMINNILEGUR



## 10 BESTU FRASARNIR

- 1 „Nei, ég bara var að selja síðustu blokkflautuna. En ég var að fá ansi skemmtilegan rafmagnsbassa.“  
-Lars Himmelbjerg
- 2 „Þú einblínr endalast á flísina en tekur ekki notice af bjálkanum.“  
-Harpa Sjöfn
- 3 „Það verður engin helvítis rúta, það verður langferðabíll.“  
-Lars Himmelbjerg
- 4 „Gæurnar voru einungis hugsaðar sem hækjur og hjálpgögn og hananú.“  
-Frímann Flygering
- 5 „Ert þú stundum einmana á síðkvöldum?“  
-Frímann Flygering
- 6 „Þá segi ég auðvitað: Bassinn er suður í Borgarfirði!“  
-Dúddi
- 7 „Ég tvista til þess að gleyma.“  
-Óliver Twist
- 8 „Hér er komin ung stúlka, hún biður fyrir geðveikislegar stuðkveðjur til Skúla Pálssonar, hún finnur hvergi bíllyklana.“  
-Dúddi
- 9 „Lásinn er inn út, inn inn út.“  
-Dúddi
- 10 „Sá vægir sem skitið hefur meira.“  
-Lars Himmelbjerg

## VISSIR ÞÚ....

...að Grýlurnar höfðu aðeins verið til í um  **tvo mánuði** þegar þær voru beðnar að taka þátt í myndinni sem Gæurnar?

...að fyrsta lag myndarinnar „**Ástardúett**“ sömdu Valgeir Guðjónsson og Egill Ólafsson á innan við klukkutíma?

...að á ensku nefnist myndin **On Top**?

...að á tíunda áratugnum hlutu vinsældir myndarinnar endurnýjun lífdaga þar sem **VHS-spólan** fékkst gefin með pulsupökkum?

...að Sigurjón digri var byggður á húsverðinum **Ragnari í Sindrabæ**?

...að atriði með **Bubba Mortens** var klippt út úr myndinni?

...að kvikmyndin fékk **125.000 króna** styrk úr Kvikmyndasjóði?

... að upprunalega átti myndin að enda með **eldgosi í Heimaey**?

...að búningar Gæranna og Stuðmanna í Eyjum voru fengnir að láni frá **lúðrasveitinni**?

...að **Árni Johnsen**, þáverandi formaður Þjóðhátíðarnefndar, reyndi að stöðva tókur á „**Úti eyjum**“ þar sem hátíðahöldunum hafði verið aflýst vegna veðurs?

...að á frumsýningu myndarinnar uppskar skýggjilysing **Dúdda** dýnjandi lófatak?



**HÖNDLARDU HITANN ?**

THE ORIGINAL  
**TYRKISK  
PEBER**

**KÓSÝ**

JAKKI: SPÚTNIK  
PEYSA: MARC O'POLO  
BUXUR: LEVIS

**PARTÝ**

JAKKI: NTC OUTLET  
BOLUR: PRÍMARK  
BUXUR: H&M

**SPARI**

JAKKI: FRÁ AFA  
BOLUR: H&M  
SKYRTA: OUTLET10  
SLAUFU: KULTUR

**HVERSDAGS**

JAKKI: KÚLTUR  
BOLUR: ARABA BÚÐ Í BARCELONA  
BUXUR: LEVIS

# Skinka og pepperoni

**Stíllinn** heimsótti smekkmanninn **Kjartan Oddason** í vikunni og fékk að smella nokkrum myndum af honum og fallegu íbúðinni hans þar sem hann hefur komið sér vel fyrir með kisunum sínum, **Skinku** og **Pepperoni**. Kjartan stundar nám í HR og vinnur á Joe & the juice í Kringlunni.

## Hvað ertu að gera þessa dagana?

Ég er í tölvunarfræði í HR og dunda mér inná milli við ýmis grafísk verkefni.

## Hefur þú alltaf spáð í hverju þú átt að klæðast?

Nei, alls ekki. Í seinni tíð hef ég passað að kaupa bara fót sem mér finnst 100% fara mér og sleppt þeim sem mér hefur ekki liðið vel í. Kaupi frekar færri en vandaðri flíkur.

## Hver er best klæddi maður í heimi að þínu mati?

Ég lít mikið upp þjóðarleiðtoga okkar, Ólafs Ragnars. Maður sem ávallt er með puttann á púlsinum.

## Í hvaða búðum kaupir þú helst fót hér á Íslandi?

Ætli það sé ekki GK og Kultur.

## Hver eru þín bestu kaup fyrr og síðar fyrir heimilið? En fataskápin?

Klárlega hengistölinn. Hef íhugað að selja allar mínar veraldlegu eignir og halda bara honum. Í fataskápin er það leðurjakkinn.

## Hvað er algjört möst fyrir haustið að þínu mati?

Nál og tvinni til að tjasla saman fötunum þegar sumarlaunin eru bún.



Gafinn er næstbestu kaup sem ég hef gert, enda keyptur á útsölu í Ikea. Myndin er plakat frá bróður mínum og lampinn kom úr Góða hirðinum.





Borðið og stólarin koma frá langömmu í Vín. Hún væri ekki sátt ef hún sæi að ég væri ekki að nota borðhlífina hennar.



Krítarveggurinn er venjuleg mött málning og fyllist alltaf í hverju partyi. Núna prýðir vegginn listaverk eftir vin. Hnötturinn var mest hataða jólagjöfin 1998 frá foreldrunum. Standurinn var ónýtur, hnötturinn fékk nýtt heimili á gömlu lampastæði.



Flestar myndirnar á heimilinu prentaði ég sjálfur í venjulegum prentara á 120gr pappír. Flestar eru úr myndaseríu eftir Ryan Berkley og er þessi ein af þeim.



Gestabók heimilisins er í miklu upphaldi og byrjaði um jólin. Mjög margar skemmtilegar minningar tengdar henni.



Fallegar myndir á veggnum í stofunni hjá Kjartani, Erró þarna neðst.



Eftir að ég settist í hengistölinn á Kex var það mitt helsta markmið í lífinu að eignast einn slíkan. Sá þennan í Hrímm og fékk seinasta stykkið. Trúi á örlögin eftir það. Kanínan er verndarvættur frá móður minni.



Neðri myndin er samstarfsverkefni með krökkunum á leikskólanum sem ég vann á. Alltaf gaman að fá að vinna með snillingum.

# Grímur fyrir öskudaginn

 Squirrel Mask: 4.900 kr.	 Pug Mask: 4.900 kr.
 Pigeon Mask: 4.900 kr.	 Creepy Pig Mask: 4.900 kr.
 Horse Mask: 4.900 kr.	 Cardinal Mask: 4.900 kr.

**DOGMA**



# HOW COOL BRANDS STAY HOT

**Branding to generation Y  
& The Future of Social Media**

**RÁÐSTEFNA Í HÁSKÓLABÍÓI  
FIMMTUDAGINN 10. APRÍL**

Ekki missa af einum stærsta auglýsinga-og markaðsviðburði síðari ára á Íslandi.  
Einstakt tækifæri til að öðlast djúpa þekkingu á mikilvægustu auglýsingakynslóð allra tíma.

- ▶ Miðaverð: 34.900 kr.
- ▶ Miðasala á [mbl.is](http://mbl.is)



Joeri Van den Bergh



Mattias Behrer



Oliver Lockett



# „Þetta er bara náttúrublæti“

Hljómsveitin **Highlands** samanstendur af reynsluboltanum **Loga Pedro** og ungu söngkonunni **Karini Sveinsdóttur**. Þrátt fyrir ungan aldur sveitarinnar og þá staðreynd að aðeins eitt lag með þeim hefur hljómað opinberlega er nú þegar búið að bóka sveitina á helstu tónlistarhátíðir landsins. Hljómsveitin **Highlands** skaust upp á yfirborðið í haust og gaf fyrsta lag sitt, **"Hearts"**, frítt út á netinu í nóvember.





## Síðasta sem ég...

Síðasta *borg* sem ég heimsótti utan landsteinanna: Kaupmannahöfn með vinkonum mínum.



Síðasti *vetingastaður* sem ég borðaði á: The coccoo's nest.




Síðasti *hlutur* sem ég keypti mér: Hvítur leðurbolur.



Síðasta *biómynd* sem ég horfði á: Lovely bones.

## Síðasta sem ég...

Síðasta *borg* sem ég heimsótti utan landsteinanna: Gautaborg.



Síðasti *vetingastaður* sem ég borðaði á: Gló.



Síðasti *hlutur* sem ég keypti mér: MacBook Pro frá Macland.



Síðasta *biómynd* sem ég horfði á: Frozen.

Síðasti *aðili* sem ég *knusaði*: Hún.



**Er á döfnni að gefa út fleiri lög á næstunni?**

► Já, þetta verða semsagt sex lög á smáskífu sem á að koma út á mánudaginn, 17. febrúar á netinu. Það verður hægt að hala þessu niður, fólk þarf bara að fylgjast með á netinu.

**Eru þau svipað og „Hearts“ eða öðruvísi?**

► Þetta er alveg svipað en fólk er auðvitað bara búid að heyrja Hearts þannig ég held að stefnan muni koma fólki alveg á óvart. Sum löggin eru mikið harðari og þá fattar fólk kannski betur hvað þetta er undir miklum hip hop-áhrifum.

**Er það eitthvað komið á dagskrá að gefa út heila plötu?**

► Við erum ekki búin að ákveða neitt. Við höfum alveg rætt þetta við ýmsa aðila en það er ekkert komið á hreint.

**Þið eruð ein af þeim sem koma fram á Sónar um helgina. Við hverju má búast við af Highlands á hátíðinni?**

► Þetta verður bara fallett „show“, sko. Við erum að leggja mikið upp úr því að gera þetta flott, tónleikarnir verða samt ekki eins og að fara á eitthvað sturlað dansiball. Fólk má samt alveg dansa og gráta gleðitárur. Ég held að fólk muni kunna að meta góða tónleika bara.

► Við ætlum bara að skila tónlistinni okkar vel frá okkur. Keli í Agent Fresco spilar með okkur á trommur þannig við verðum þrjú en ekki bara tvö.

**||** Þetta er  
eiginlega  
bara eins og hvert  
annað hobby.

**Verða þetta fyrstu tónleikarnir ykkar?**

► Nei, við spiluðum á Harlem síðasta laugardag sem var smá-æfing fyrir okkur. Við vorum semsagt að hita upp fyrir útgáfutónleika Ultra Mega Technobandsins Stefáns.

**Hvernig gekk?**

► Tónleikarnir voru góðir. Þetta var mjög góð upphitun fyrir Sónar og nú veit ég við hverju ég á að búast við þegar við förum á svið þrátt fyrir að þeir tónleikar verði mikið stærri.

**Þið spilið á Sónar og svo var verið að bóka ykkur á Iceland Airwaves í haust. Finnst ykkur vera mikil pressa á ykkur að vera á þessum hátíðum þar sem fólk hefur bara heyrt þetta eina lag með ykkur?**

► Þau sem eru búin að bóka okkur eru náttúrliga búin að heyrja fleiri lög, þannig að það er engin pressa. Mér finnst líka fólk vera almennt hrifnara af hinum lögnum sem við eigum eftir að gefa út. Þetta verður feitt bara.

► Logi er náttúrliga búinn að vera að spila á Airwaves síðan ég veit ekki hvenær.

► Jú, síðan Karin var 10 ára.

► Á meðan ég er að fara í fyrsta skipti á svona tónlistarhátíð núna á Sónar, ég er ekki svona von eins og Logi.

► Ég er samt ógeðslega stressaður. Þegar ég er að spila sem Pedro Pilatus, „live“ og mína eigin músík, þá fæ ég svona nett taugaáfall. En þar sem við erum þrjú saman á Sónar er maður kannski minna berskjaldaður.

**Logi, nú ert þú í Retro Stefson, með sólóverkefnið Pedro Pilatus og núna í Highlands. Finnst tími hjá þér fyrir eitthvað annað en tónlistina?**

► Mér finnst rosalega gaman að gera allskonar músík. Ég er svo í hljóðtækninámi í Tækniskólanum núna en sem betur fer er vinnan mín öll tengd músík. Annars er lítill tími fyrir annað en músíkina og það bitnar oft á samböndum, sem getur verið grautfúlt.

**Hvað er fleira á döfnni hjá ykkur?**

► Það er svolítið erfitt að segja frá því þar sem ég veit ekki hvað ég má segja. Það er verið að bóka ákveðnar hátíðir á Íslandi sem við munum líklegast spila á. Vonandi verður komið á hreint hvar við gefum út seinna í ár, hvar við semjum og við hvaða fyrirtæki.

**Er ætlunin að fara eitthvað út fyrir landsteinanna?**

► Já, okkur finnst svo gaman að ferðast. Við erum eiginlega bara búin að vera í viðræðum við fyrirtæki erlendis. Öll tónlistarútgáfa er orðin svo glóbal með internetinu.

**UPPÁHALDS**

**hundategund:** Havanese

**ávöxtur:** Bananar

**nammi:** Reese's Peanut Butter Cups

**borg:** New York

**drykkur:** Fidel Castro

**vikudagur:** Föstudagur

**UPPÁHALDS**

**hundategund:** Er meira fyrir kisu

**ávöxtur:** Granat epli

**nammi:** súkkulaði

**borg:** Kaupmannahöfn

**drykkur:** Vatn

**vikudagur:** Föstudagur

**PSSST...**

Kiktu á [monitor.is](http://monitor.is) og sjáði fyrsta myndband Highlands við lagið „Hearts“.



**BORÐA DREKKA**

**TYGGJA**

**WRIGLEY'S Extra**

 Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætufrni í tyggigúmmii



**TÓMAS GEIR HOWSER HARDARSON**


**Fyrstu sex:** 070995.  
**Námsbraut:** Leiklistarbraut.  
**Lag á heilanum:** Gettu betur stefið.  
**Sérsvið:** Íslenskir bachelorþættir.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Þegar ég spila Ísland-spurningaspilið finnst mér best að fá brúna spurningaflokkinn.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Wasabi-hnetur.  
**Uppáhalds námsgrein:** Íslenska.  
**Skrítnasti kennarinn:** Leifur Helgason.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** Þorgeir Ástvaldsson.  
**Ég veit ekkert um:** Hælaskó.

**ODDNÝ HELGA EINARSDÓTTIR**

**Fyrstu sex:** 051195.  
**Námsbraut:** Náttúrufræðibraut.  
**Lag á heilanum:** „All Gold Everything“ með Trinidad James.  
**Sérsvið:** Raunvísindi.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Vísendingaspurningar.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Saltstangir með sýrðum rjóma og púrrulaukssúpu.  
**Uppáhalds námsgrein:** Stærðfræði 603 hjá Kristínu.  
**Skrítnasti kennarinn:** Ingvar Arnarson, Hraunavinur.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** Allavega ekki jafn góð og Björn Bragi.  
**Ég veit ekkert um:** Það sem Einar veit.

**EINAR PÁLL TRYGGVASON**

**Fyrstu sex:** 300794.  
**Námsbraut:** Viðskipta- og hagfræðibraut.  
**Lag á heilanum:** „Gleipnir“ með Skálmöld.  
**Sérsvið:** Star Wars.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Hraðaspurningar.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Grænt Pringles.  
**Uppáhalds námsgrein:** Bókfærsla hjá Hrafnhildi.  
**Skrítnasti kennarinn:** Kári Viðarsson.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** Með sjúklega mikið \$wag.  
**Ég veit ekkert um:** Kostir þess að ganga í ESB.



# Grettu betur

Á morgun eru það lið Fjölbrautaskólans í Garðabæ og Borgarholtsskóla sem keppa í átta liða úrslitum Gettu Betur. Eflaust ætla bæði lið sér að sigra en gáfnaljósinn vita þó að góð gretta er gulli betri.



**DANÍEL ÓLI ÓLAFSSON**

**Fyrstu sex:** 130591.  
**Námsbraut:** Náttúrufræði.  
**Lag á heilanum:** „Man Overboard“ - Blink-182.  
**Sérsvið:** Vísindi & íslensk saga.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Íslensk stjórnmálasaga.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Howser-súkkulaði.  
**Uppáhalds námsgrein:** Eðlisfræði & líffræði.  
**Skrítnasti kennarinn:** Meistarí Dagur Hjartarson.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** Björn Bragi.  
**Ég veit ekkert um:** Burðargetu íslenskra plastpoka.

**INGI ERLINGSSON**

**Fyrstu sex:** 101095.  
**Námsbraut:** Félagfræði.  
**Lag á heilanum:** „DFD“ - Huell Howser.  
**Sérsvið:** Útdauðir íslenskir fuglar.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Skrýtnar staðreyndir.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Popp&kók.  
**Uppáhalds námsgrein:** Saga.  
**Skrítnasti kennarinn:** Siggí Saga.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** King Logi Bergman.  
**Ég veit ekkert um:** Howser.

**ARNÓR STEINN ÍVARSSON**

**Fyrstu sex:** 030295.  
**Námsbraut:** Féló.  
**Lag á heilanum:** „How's Your Life Today“ - Porcupine Tree.  
**Sérsvið:** Allt um Val.  
**Uppáhalds spurningaflokkur:** Vísendingar.  
**Uppáhalds prófasnarl:** Hnetusmjör og mjólk.  
**Uppáhalds námsgrein:** Saga.  
**Skrítnasti kennarinn:** Eva Leplat.  
**Ef ég væri Gettu betur-spyrill væri ég:** David Thór.  
**Ég veit ekkert um:** Hvað gerist þegar Howser vinnur.



Myndir/Þórður

Myndir/Kristinn



Vantar þig aukna orku?

# FOCUS

Kraftmikill og frískandi  
orkugefandi  
drykkur án sykurs!

Aðeins 2 hitaeiningar og 0,5 g kolvetni í 100 ml.

## Koffín, guarana og ginseng... virkar strax!

15 kraftmiklar freyðitöflur í einum stauk.

Skellt út í vatn nákvæmlega þegar þér hentar  
– heima, í vinnunni, skólanum, í ræktinni, í golfinu...

## Handhægt, bragðgott og frábært verð

Vertu alltaf með orkuna við höndina  
og gríptu einn stauk af FOCUS í  
næsta apóteki .

Áhrifarík  
innihaldsefni  
- virkar  
samstundis



Fæst í Fjarðarkaup og helstu apótekum um land allt  
brokkoli.is



@andrifv Það má með sannni segja að maður sé eins og fifl á milli þessara höfðingja!



@sigga\_lund Lady er 2. ára í dag! Hún er svo mikill karakter, kúrari og kyssari. Alltaf í góðu skapi og skemmtileg, svo er hún svo mikið bjúti!!! Gæti ekki lifað án hennar! #happy #birthday #lady #mydog #birthdaydog



@bergblindfestival Rúllukragi og nærur er málið í sumar strákar!!!! (og stelpur!!) #trendnet #tiskublogg #gettubetur



# #monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Líka Monitor! Hundur, Sómi, leður, brúðkaup, ídýfa og Bubbí og Bó. Það er sko allt leyfilegt á Instagram og við elskum það.

**Ert þú í Instahring Monitor?**  
Merktu þína mynd með **#monitormynd** og vertu með í gleðinni. Myndirnar birtast sjálfkrafa á **monitor.is** auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.



@jonrjon Fallegur dagur í dag í Olhao. Eitt af því sem stóð upp úr var þegar við fögnuðum með þessum 19 ára brúðhjónum sem voru að gifta sig til að fá vegabréfsáritun. #visa #ekkimaestro #justmarried #atlanticcup



@skjoldureyrfjord #icelandic #leather #bling #band #costume #homemade #styling #stylist #stavanger #black #silver



@simmivill Eru karrýgular buxur í tísku eða var þetta tilviljun? #yellowpants @jrbanger



@unistefson Allelúja #péturjóhann



@atlierfannar Einhvers staðar í Reykjavík er einhver að háma í sig mjög þurrar Pykkvabæjarskrúfur.



@dnadori Þetta er besta samlokann í Rvk í dag.

# Skalli

*Sá svalasti í boenum*

**Borgari, franskar,  
gos og kokteilsósa**

**1.790 kr.**



## Akureyringur

Nautakjöt, ostur,  
tómatar, agúrkur,  
jöklasalat, franskar  
og hamborgarasósa

## Indverji

Indverskt buff í grófu  
naanbrauði, grilluð  
paprika, rauðlaukur,  
jöklasalat, raita og  
mangó chutney



## Texasborgari

Nautakjöt,  
laukhringir, nachos,  
jöklasalat, salsa  
og jalapenosósa



# Að alast upp

**Camilla Rut Arnarsdóttir** væri á flestan hátt eins og hver annar framhaldsskólanemi ef ekki væri fyrir það að afi hennar, **Gunnar Þorsteinsson**, stofnaði eitt umdeildasta trúfélag landsins.



## CAMILLA RUT

Fyrstu sex: 020994

Lag á heilanum: „Happy“ með C2C

Í bragðarefinn fæ ég mér: Banana, daim og oreo. Ég er manneskjan sem allir þurfa að bíða eftir á meðan afgreiðslustúlkan leitar að banónum.

Átrúnaðargoð: Etta Eames



If you're a bird I'm a bird.  
Noah - The Notebook

KVIKMYND

## Alvöru ást í gerviheimi

Samskipti mannfólksins og vélmanna hafa lengi verið efni rit- og handritshöfundna en margir þeirra skrifað misgóð verkin úr þeim hugmyndabrúnni. Leikstjóri og handritshöfundur Her sækir hér innblástur í þá staðreynd að í dag þarf ekki nema að ýta á hnapp til að setja sig í samband við farskylda ættingja úti í heimi, tala við einhvern bláókunnugan aðila eða eiga samskipti við tölvuforrit. Hann tekur þessa þælingu svo alla leið og sýnir á hvaða braut upplýsingarölinn gæti verið og hvert hún stefnir.



samskipti við tölvur og samanstendur líf hans af miklum tómeika og depurð. Það er þó ekki fyrr en einn daginn að hann nýtir sér þjónustu forrits sem býður honum að kynna tölvugerðri manneskju með einstaka gervigreind, sem gerir henni kleift að læra og þróast jafnóðum. Mikil vinátta myndast á milli Theodore og forritsins, en það kallar sig Samönthu og tjáir sig með kvenmannsrödd. Áður en langt um líður eru þau orðin kærustupar og ástfangin upp fyrir „haus“ en sú ást er að sjálfsögðu einskorðuð við samtöl, enda um tölvu með gervigreind að ræða.

Kvikmyndin gerist í ótilgreindri framtíð þar sem öll tækni er langt á veg kominn og gervigreind virðist algjörlega ráða ríkjum. Theodore er einmana maður sem á að baki erfiðan skilnað og eyðir hann dögum sínum í



Her fer á áhugaverðar slóðir með þessum þælingum sem virðast ansi óhugnanlegar og birtir sagan ákveðna mynd af mögulegri framtíð sem byggir á samskiptum okkar við tölvur. Her er þræl góð kvikmynd, með einvalalið leikara í hverju hlutverki og tekur á mjög áhugaverðu efni. Það er þó ekki laust við að kaldur hrollur hríslist niður hrygg áhorfendans ef þetta er það sem koma skal.

HER

HJÁLMAR KARLSSON



TÖLVULEIKUR



Lightning Returns



**Tegund:** Hlutverkaleikur  
**Útgefandi:** Square-Enix  
**Format:** PS3, Xbox 360  
**Dómar:** 5 af 10 – Gamespot  
7 af 10 – IGN.com  
8 af 10 – Eurogamer.net

## Hún kemur aftur og aftur..

Það má segja að tölvuleikjapersonan Lightning úr Final Fantasy-leikjunum sé eins og raðfullnægging, en hún kemur aftur og aftur og aftur... það er að segja kemur aftur og aftur fram í hverjum Final Fantasy-leiknum á fætur öðrum – nú síðast í leiknum Lightning Returns: Final Fantasy XIII, en þetta er lokakafliinn í Final Fantasy XIII-þrileiknum. Lightning Returns er beint framhald leiksins Final Fantasy XIII-2, en leikurinn gerist 500 árum eftir atburði hans og þarf Lightning að bjarga deginum með því að berjast gegn hinum ýmsu illmennum.



Spilun leiksins er frábrugðin fyrri leikjum þessa þrileiks og má þar helst minnst á bardagakerfið, en það hefur verið gjörsamlega endurhannað og er það nú mun auðveldara í notkun og einnig er hægt að stilla það á óteljandi vegu og gera að sínu. Auk þessa er leikurinn allur mun opnari og frjálssari en fyrri leikirnir og geta leikmenn vaðið um stór svæði og barist við allskyns skrímsli og leyst hin ýsmu verkefni. Svæðin eru í raun það stór að það tekur tæpan klukkutíma að hlaupa þvert yfir

það án nokkurrar truflunar, en spilun leiksins getur tekið marga tugi klukkutíma.

Það er léttari fílingur yfir spiluninni í þessum lokakafli og ljóst að framleiðendur leiksins hafa viljað veita leikmönnum meira frelsi og gefa þeim meiri aðgang að þessum heillandi heimi. Spilunin er fjölbreytt, opin og ætti að henta þeim sem unna góðum hlutverka- og hasarleikjum. Grafikin í leiknum er stórkostleg og ljóst að þar hefur hvergi verið slegið af og sama má segja um tónlistina, en í henni er bróðurpartur af öllum fiðlum heimsins, enda dugar ekkert minna í lokakafli þessarar sögu.

Við fyrirgefum Lightning það að koma aftur og aftur og aftur, því hún gerir það svo vel og fær nördahjartað til að slá hraðar í þessu flotta lokauppgjöri Final Fantasy XIII-seríunnar.



ÓLAFUR ÞÓR JOELSSON



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

# LEGO The Movie

Hemmi er bara venjulegur Lego-kubba-karl sem fyrir misskilning er settur í það vanþakkláta starf að bjarga heiminum. Aðalpersóna myndarinnar er hinn löghlyðni og glaðlyndi verkakubba-karl Hemmi sem hefur nákvæmlega enga reynslu af því að byggja Lego án leiðbeininga. Hann vill bara fara eftir settum reglum. Byltingarsinnar vilja hins vegar fá að kuba án leiðbeininga og þeir eru sannfærðir um að Hemmi sé hinn útvaldi og geti kubað það sem

honum sýnist. Hann er því fenginn til að leiða baráttuna gegn hinum illa Harðstjóra sem hefur bannað að kubað sé án viðeigandi leiðbeiningabæklinga. Í fyrstu list Hemma ekkert á hið nýja hlutverk sitt enda hefur hann ekki hugmynd um hvernig á að kuba án leiðbeininga. Sem betur fer nýtur hann aðstoðar góðra stuðningskubba eins og ofurkubbanna Batmans, Grænu luktarinnar og Supermans því annars væri útlitit svart.

**Aðalhlutverk: Enskt tal:** Will Ferrell, Elizabeth Banks, Morgan Freeman, Jonah Hill, Channing Tatum, Will Arnett.  
**Ísl. tal:** Sigurður Þór Óskarsson, Salka Sól Eyfeld, Arnar Jónsson, Þorsteinn Backmann, Grettir Valsson, Orri Huginn Ágústsson og Ágústa Eva Erlendsdóttir  
**Leikstjórn: Ensk útgáfa:** Phil Lord, Christopher Miller  
**Ísl. útgáfa:** Hjalmar Hjalmarsson.

# Háskólanám erlendis

á sviði skapandi greina

ENGLAND | ÍTALÍA | SPÁNN | SKOTLAND

KYNNING 15. FEB. • KL. 12:30-17:00 • TJARNARBÍÓ, REYKJAVÍK

Nemum í alþjóðlegum fagháskólum gefst einstakt tækifæri til að kynna suðupotti hugmynda, með stefnum og straumum víða að úr heiminum.

Lingó er umboðsaðili á Íslandi fyrir nokkra af þekktustu fagháskólum í Evrópu og aðstoðar nema sem sækja um skólavist.

Fulltrúar frá nokkrum þessara skóla verða með kynningu og viðtöl við áhugasama nema laugardaginn 15. febrúar í Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12, Reykjavík.

### Einstaklingsviðtöl í anddyri.

Hér gefst væntanlegum nemum tækifæri til að hitta fulltrúa skólanna og ræða við þá beint um það sem þeir þurfa að vita, eða bara það sem þá langar til að vita.

### Fyrirlestrar og kynningar í sal.

13:00-13:30 • AUB and the admissions process and portfolio preparation • Hilary Colvey • Arts University Bournemouth  
13:45-14:15 • Your opportunities at Bournemouth University • Andy Thompson • Bournemouth University  
14:30-15:00 • Project Presentation: La Violeta in Barcelona. A collaboration between



IED and Districte de Gràcia, to elaborate a communication project for a historical building • Arnar Ingi Viðarsson • Saatchi & Saatchi, Barcelona  
15:15-15:45 • Study in Scotland at The Glasgow School of Art • Jacquie Coyle • Glasgow School of Art  
16:00-16:30 • Creative Studies at IED • Silvia Ghezzi • Istituto Europeo Di Design • Milano



KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS



KRÍTADU ÞIG UPP

SAMSUNG



# Hreinasta afbragð!

Samsung Galaxy Note spjaldtölvurnar eru afbragðs góðar. Þær veita notendum frelsi til athafna. Penninn sem fylgir gerir verkefnið skemmtilegra, einfaldara er að skrifa glósur og opna á nýja möguleika til að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.

Notkunarmöguleikarnir margfaldast og þær nýtast einstaklega vel við lærdóminn. Galaxy Note eru með Android stýrikerfinu sem er lang vinsælasta og útbreiddasta stýrikerfið fyrir snjalltæki í dag. Þær fást í nokkrum stærðum og gerðum þannig að ávalt má finna tæki sem hentar hverjum og einum fullkomlega.

Svo skilja Galaxy Note spjaldtölvurnar að sjálfsögðu íslensku.

**Söluaðilar um land allt**

